

AUGLÝSING um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

Breyting á deiliskipulagi við Súlunes 14.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Súlunes 14 í Garðabæ. Í breytingunni felst að heimilað verður að breyta einbýlishúsi sem fyrir er á lóðinni í tvíbýlishús. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breyting á skipulagsskilmálum í Hraunsholti, Ásum.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á skipulagsskilmálum sem fylgja deiliskipulagi Hraunsholts í Ásum í Garðabæ. Í breytingunni felst að nýtingarhlutfall í hverfinu hækkar. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Ofangreindar breytingar öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F. h. Garðabæjar, 18. febrúar 2003.

Bergljót S. Einarasdóttir skipulagsfulltrúi.